

Starfsáætlun Menningar-, íþróttá- og tómstundasviðs

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Styrkir og framlög.....	2
1. Tómstundamál	4
1.1 Félagsmiðstöðin Fjörheimar	4
1.2 88 húsið.....	4
1.3 Tómstundastarf eldri borgara	5
2. Forvarnar- og æskulýðsmál	5
2.1 Útideild	6
2.2 Vinnuskóli	6
2.3 Skólagarðar	7
3. Íþróttamál.....	7
3.1 Íþróttahús og sundlaugar.....	7
4. Menningarmál.....	8
4.1 Menningarfulltrúi <i>Valgerður Guðmundsdóttir</i>	8
4.2 Söfn.....	9
5. Skjalastjórnun.....	12
6. Ferðaþjónusta	13
7. Helstu viðburðir:.....	14

Inngangur


Á árinu 2006 verður lögð áhersla á að ljúka þeim verkþáttum sem fram koma í Framtíðarsýn Reykjaneshæjar 2002-2006. Sumt þarf að vinna í samvinnu við önnur svið bæjarins en annað hefur verið í skoðun það sem af er kjörtímabilinu og tíminn notaður til að kanna marga valkosti.

MÍT sviðinu hefur verið líkt við járnbrautarlest með marga ólíka vagna. Forstöðumenn innan MÍT sviðs hafa hitt framkvæmdastjóra sviðsins á vikulegum samráðsfundum þar sem málin eru rædd og samræmd. Þetta eru nauðsynlegir fundir þar sem saman koma jafn fjölbreytt mál s.s. tómsstundir (yngri og eldri borgara) forvarnir, ferðmál, upplýsingamál, menning og íþróttir auk hátíðarhalda s.s. Ljósanótt.

Nokkur verkefni hafa verið færð frá MÍT sviði yfir til Umhverfis- og skipulagssviðs s.s. minka- og refaeyðing og dýravernd (forðagæslumaður). Frístundaskólinn er nú í umsjá Fræðslusviðs.

Segja má að MÍT lestin hafi brunað hratt og örugglega eftir þeim "teinum" sem lagðir hafa verið, t.d. með Framtíðarsýn og annari stefnumótun málaflokksins.

Sú reynsla sem nú er komin á samstarf ofangreindra málaflokka er ekki löng, en hún hefur verið farsæl því það er ótrúlega margt sem þeir eiga sameiginlegt. Við lítum því björtum augum til ársins 2006, reynslunni ríkari.



Motto MÍT sviðs árið 2006:

MÍT sviðið er segulsvið
- orkumikið og dregur að sér jákvæða strauma

Stefán Bjarkason
framkvæmdastjóri

- 05 Menningarmál
- 06 Íþróttá- og tómsstundamál

129.506.000
435.770.000

Starfsmenn MÍT sviðs eru samtals 80 talsins.

Styrkir og framlög

Veittir eru styrkir samkvæmt reglum um Manngildissjóð Reykjaneshæjar. Undir Manngildissjóð falla m.a. Tómsstundasjóður, Íþróttasjóður, Forvarnarsjóður og Menningarsjóður.

Umsóknir um styrki eru auglýstar tvisvar á ári.

Styrkir til íþróttafélaga vegna afnota af íþróttamannvirkjum alls kr. 85.550.000

Menningarmál

- Áframhaldandi uppbygging Duushúsa samkvæmt verkáætlun Umhverfis- og skipulagssviðs með áherslu á að lagfæra bíóhúsið
- Samstarfssamningar við menningarhópa verða endurnýjaðir á árinu þannig að þeir verða alls 7 talsins.

kr. 129.506.000

- Unnið verður að gerð menningarstefnu í samvinnu við menningarfélög bæjarins og hún höfð til hliðsjónar við frekari skipulagningu menningarstarfs og uppbyggingu menningarhúsa.
- MÍT ráðið hefur ályktað að byggja eigi nýtt húsnæði fyrir byggðasafn og skjalasafn ásamt tilheyrandi geymslum og ætti það hús að rísa í tengslum við Víkingaheim að Fitjum. Ekki var gerð athugasemd við ályktunina í bæjarstjórn. Nauðsynleg stærð húsnæðis fyrir byggðasafn er um 1000 fermetrar og skjalasafns um 500 fermetrar, samtals 1500 fermetrar.
- Stofnað verður félag um verkefnið Víkingaheimur og naust Íslendinga og framkvæmdum haldið áfram á Fitjasvæðinu.
- **Listaverk við innkomu í bæinn**
Unnið verður að verkefninu í tengslum við Þjóðbraut (Flugvallarvegur) og mislæg gatnamót á Reykjanesbraut.

Íþrótt- og æskulýðsmál

kr. 435.770.000



Opnun 50m innisundlaugar og vatnagarðs

Gert er ráð fyrir að innilaugin og vatnagarðurinn verði tekinn í notkun í apríl. Auk þess er stefnt að því að fjölga vastnsrennibrautum þannig að sem flestir aldurshópar finni eitthvað við sitt hæfi. Tvo stómót verða haldin í innilauginni fljótlega eftir opnun: Norrænt vinabæjamót og aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ).

Íþróttasvæði ofan Reykjaneshallar

Á árinu verður útbúið nýtt æfingasvæði UMFN í stað þess sem fyrir er vegna uppbyggingar á þjónustusvæði fyrir eldri borgara á Njarðvíkurvelli. Samningur hefur verið undirritaður við UMFN sem felur m.a. í sér að Reykjanesbær tryggir knattspyrnudeildinni nýjan æfinga- og keppnisvöll. Haldið verður áfram hönnun á aðalleikvangi (Reykjanesvöllur) fyrir ofan Reykjaneshöll í samvinnu við knattspyrnudeildirnar.

Íþróttamiðstöð Akurskóla

Framkvæmdir hefjast við Íþróttamiðstöð Akurskóla (sundlaug og íþróttasalur). Nýr sparkvöllur verður formlega vígður í samvinnu við KSÍ og Akurskóla.

Stuðningur vegna íþrótt- og tómsundaiðkunar barna

Endurskoðun á útfærslu stuðnings Reykjanesbæjar vegna íþróttæfinga ungmenna. Endurskoðun niðurgreiðslu kostnaðar vegna þjálfunar verður unnin í samráði við ÍRB. Kannaður verður möguleiki á að nýta íbúavefinn Mitt Reykjanes sem tekinn verður í notkun á árinu til að auðvelda foreldrum og félögum að nálgast upplýsingar sem auðveldar leiðir til niðurgreiðslu á íþrótt- og tómsundaiðkunar barna.

- Stuðningur við innra starf íþróttahreyfingarinnar
Unnið í samráði við ÍRB.
- Ný tegund af undirlagi á körfuboltavöll verður lagt við Holtaskóla. Völlurinn er sinnar fyrstu tegundar á landinu. Undirlagið er gert úr lituðu harðplasti.
- Endurskipulagning á æfingarsvæði Keflavíkur og viðræður við félagið vegna félagsaðstöðu til framtíðar.

Tómstundamál

Þjónustukjarni eldri borgara

Framkvæmdir hefjast við nýjan þjónustukjarna eldri borgara á Njarðvíkurvallarsvæðinu/Nesvellir.

88 Húsið og Fjörheimar

Unnið verður að samningum um framtíðarleigusamninga og/eða kaup á húsnæði vegna 88 Hússins og Fjörheima.

- Samstarfssamningar gerðir við þau tómstundafélög sem þess óska
- Kannaður verði áhugi einkaaðila á uppbyggingu og rekstri tómstundakringlu í samstarfi við Reykjanesbæ og TRB.

1. Tómstundamál

1.1 Félagsmiðstöðin Fjörheimar

Forstöðumaður Hafþór B. Birgisson



kr. 27.160.000

Markmið

Í Fjörheimum er lögð áhersla á starf með unglingum á aldrinum 14 -16 ára sem einkennist af áhuga, virkni, þátttöku og ábyrgð unglínganna. Einnig er lögð áhersla á eflingu félags- og tilfinningaþroska.

Helstu verkefni

- **Fjörleikur** – starf er miðar að því að auka ungmennalýðræði og þjálfa mismunandi færni unglínganna í Reykjanesbæ. Leiknum lýkur á verðlaunaferðalagi til Vestmannaeyja.
- **Söngkeppni Samsuð og Samfés** – ferðir með hópa á þessar keppnir.
- **Forvarnarnótt Fjörheima** – unglíngarnir fræðast um það sem Fjörheimaráð óskar eftir.

1.2 88 húsið

Forstöðumaður Hafþór B. Birgisson



Markmið

Að efla jákvæðan og heilbrigðan lífstíl ungs fólks með því að bjóða upp á vímuefnalaust 88 Hús og stuðla að jákvæðum valkosti fyrir þau ungmenni 16 – 25 ára sem kjósa að skemmta sér án vímuefna.

Starfsfólk 88 Hússins er ávallt reiðubúið að styðja við hugmyndir ungs fólks .



88 Húsið býður ungmennum upp á pílukast, billiard og fleiri afþreyingarmöguleika. Húsið stendur öllum til boða sem vilja halda tónleika listasýningar eða annað það sem ungmennin kjósa.

Helstu verkefni:



- Umsjón Steypunnar, æfingahúsnæðis fyrir unga hljómlistamenn í Reykjanesbæ.
- Metnaðarfull dagskrá í samstarfi við NFS.
- Landsþing ungs fólks haldið í Miðbergi í Reykjavík.

1.3 Tómstundastarf eldri borgara

Forstöðumaður Jóhanna Arngrímsdóttir

Markmið

Markmið tómstundastarfs eldri borgara er m.a. að koma í veg fyrir félagslega einangrun og stuðla að fjölbreyttu framboði tómstunda, íþróttar og menningar. Tómstundastarf eldri borgara er unnið í samvinnu við Félag eldri borgara á Suðurnesjum.

Helstu verkefni

Unnið verður eftir stundaskrá í samvinnu við FEB. Allir fastir liðir verða á sínum stað og til að auka fjölbreytnina verður boðið upp á hin ýmsu námskeið eins og myndlist, útskurð, útsaum, tölvunámskeið, leirnámskeið, glernámskeið, línudans og allt það sem eldri borgarar sýna áhuga á að taka þátt í.



Áhersla verður lögð á að fá eldri borgara til að huga vel að heilsu sinni og stunda líkamsrækt, hvort sem það er leikfimi, sundleikfimi og heilsugöngur eða þátttaka í uppákomum sem félag áhugafólks um íþróttir aldraðra stendur árlega fyrir t.d. íþróttadagur aldraðra. Þar koma saman eldri borgarar af öllu stór-Reykjavíkursvæðinu og sýna dansa og leikfimi og fólk er hvatt til að lifa heilbrigðu lífi og rækta bæði líkama og sál.

Handverkssýning – verður haldin á vordögum en hún er haldin annað hvert ár. Að venju stendur sýningin í viku og verður opið kaffihús á meðan á henni stendur. Á þessari sýningu sýna um 100 manns verk sín.

2. Forvarnar- og æskulýðsmál

Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi Ragnar Örn Pétursson

Hlutverk

Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi hefur m.a. umsjón með rekstri vinnuskóla, skólagarða og smíðavallar. Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi er einnig yfirmaður Útideildar og skipuleggur starfsemi hennar og útivistarátök í samstarfi við lögreglu og fjölskyldu- og félagsþjónustu.

kr. 20.664.000

Helstu verkefni:**Samtaka-hópurinn**

Í lok ársins 2005 var stofnaður samráðshópur, **Samtaka-hópurinn** sem í sitja:

- Fulltrúi Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar
- Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi Reykjanesbæjar
- Forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins
- Fulltrúi starfsmanna sem sjá um tómstundastarf innan grunnskólanna
- Fulltrúi námsráðgjafa í grunnskólum Reykjanesbæjar
- Verkefnisstjóri FFGÍR
- Forvarnarfulltrúi Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Fulltrúi Lögreglunnar

Samtaka-hópurinn mun fylgjast almennt með vandamálum sem tengjast unglíngum í Reykjanesbæ. Safna saman upplýsingum, veita stuðning og samræma aðgerðir. Áætlað er að fylgjast með hópamyndun meðal unglínga og nálgast þá áður en til vandamála og alvarlegri árekstra við umhverfið kemur.

Hlutverk Samtaka-hópsins er jafnframt að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í unglíngamálum, koma hugmyndum á framfæri við viðkomandi stofnanir og félagasamtök og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarúrræða.

Samstarf við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar

Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi Reykjanesbæjar situr í vinnuhópi á vegum Íþróttabandalags Reykjanesbæjar sem vinnur að eflingu innra starfs íþróttafélaganna í Reykjanesbæ. Ætlunin er að skerpa á uppeldis- og forvarnarhlutverkinu m.a. með því að útbúa verklagsreglur og/eða viðbragðsáætlanir.

2.1 Útideild**Markmið**

Markmið Útideildar er m.a. að starfa á vettvangi þar sem unglíngarnir eru hverju sinni með það að markmiði að kynnast þeim og skapa gagnkvæmt traust. Safna saman upplýsingum sem gefa mynd af núverandi lífsskilyrðum ungmenna og koma þeim á framfæri við samstarfsaðila.

Útideildin vinnu í nánú samstarfi við Lögreglu, barnaverndaryfirvöld, foreldra og skóla.

kr. 2.317.000

2.2 Vinnuskóli

Vinnuskóli Reykjanesbæjar er vinnustaður fyrir unglínga á aldrinum 14 til 16 ára. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrstu kynni unglínga af launaðri vinnu. Fræðsluþáttur til nemenda skólans hefur verið aukinn til muna og svo verður einnig á næsta ári.

Haldið verður áfram með verkefnið **Færni- og áhugamiðað nám** í samvinnu við grunnskóla Reykjanesbæjar.

kr. 30.3621.000

Þá hafa bæjaryfirvöld tekið þá ákvörðun um að fjölga vinnuvikum nemenda sumarið 2006 frá því í fyrra. Nemendur í 8. bekk fá vinnu hálfan daginn í 4 vikur og nemendur í 9. og 10. bekk fá vinnu allan daginn í 4 vikur.

2.3 Skólagarðar

Skólagarðar verða starfræktir frá 10. júní til 10. ágúst.

3. Íþróttamál

3.1 Íþróttahús og sundlaugar



Forstöðumenn:

Jón Jóhannsson, Hafsteinn Ingibergsson og Guðmundur Sighvatsson.

Rekstur íþróttamannvirkja verður með hefðbundnum hætti á árinu þar sem áhersla verður lögð á eins góða nýtingu þeirra og hægt er í samvinnu við skóla og íþróttafélög. Með

tilkomu 50 metra innisundlaugar skapast möguleiki á breyttri starfsemi í gömlu Sundhöllinni og verða ýmsir notkunarmöguleikar skoðaðir.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð óskaði eftir því á fundi sínum þann 13. desember 2005 að leitað yrði leiða til þess að hvetja börn til aukinnar hreyfingar t.d. sundiðkunar, í ljósi rannsókna sem sýna að grunnskólabörn hreyfa sig ekki nóg. Í Framhaldi verður unnið að stefnumótun til að efla hreyfingu barna og ungmenna í Reykjanesbæ.

Áfram verði komið til móts við þarfir þeirra íþróttadeilda sem þurfa á samfelldum æfingatímum að halda og verður gerður samstarfssamningur um leigutíma í íþróttasal Íþróttakademiunnar.

Íþróttahús Sólvallagötu	3.271.000
Íþróttahús við Sunnubraut	32.813.000
Íþróttamiðstöð Heiðarskóla	1.767.000
Íþróttamiðstöð Njarðvíkur	36.873.000
Íþróttavellir Keflavík	21.192.000
Íþróttavellir Njarðvík	5.379.000
Reykjaneshöllin	20.300.000
Sundhöll	9.044.000
Sundmiðstöð	97.169.000
Púttvellir	1.200.000

4. Menningarmál

4.1 Menningarfulltrúi

Valgerður Guðmundsdóttir

kr. 9.808.000

Hlutverk

Menningarfulltrúi hefur m.a. yfirumsjón með menningarmálum á vegum Reykjanesbæjar og samvinnu bæjarins við aðra aðila á sviði menningarmála í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.



Handverk

- Umsjón með Bátasafni Gríms Karlssonar í Duushúsum. Vonandi tekst að koma þeim bátum sem enn standa lausir í sýningarhæft form og einnig verður áfram unnið að söfnun fleiri líkana.
- Handverkshátíð verður haldin í lok maí. Stefnt að stærri og viðameiri hátíð en áður í tengslum við Frístundahelgi. Helstu samstarfsaðilar eru Tómsbundabandalag Reykjanesbæjar, Gallery Björg og Gallery Svarta pakkhúsið.

Tónlist



- Skipulagning á tónleikahaldi í Reykjanesbæ. Helstu samstarfsaðilar innan bæjar eru Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Tónlistarfélag Reykjanesbæjar og Rythma og bluesfélag Reykjanesbæjar.
- Helstu samstarfsaðilar utanbæjar eru Félag íslenskra tónlistarmanna, Kammersveit Reykjavíkur, Kammersveitin Ísafold og Sinfoníuhjómsveit Íslands. Gert er ráð fyrir að á vegum þessara og annarra verði haldnir fjölbreyttir tónleikar út árið.
- Ljósalagið 2006.

Bókmenntir og saga

- Bókmenntaupptökum í samvinnu við Bókasafnið eru a.m.k. þrjár: Erlingskvöld í mars, Norræna bókasafnsvikan í nóvember og Bókakonfekt í desember.
- Einnig er ætlunin að gera bókmenntum og sögu betur skil á Ljósanótt en verið hefur.
- Stuðningur við útgáfu 3 bóka sem fengu styrk frá menningarsjóði 2005.

Vinna þarf áfram að söfnun gagna tengdum Bátasafni Gríms og koma þeim gögnum sem til eru í það horf að gestir hafi greiðan aðgang að þeim.

Leiklist

Helsta verkefni ársins er að nýta Frumleikhúsið betur. Þetta verður unnið með stjórn Leikfélags Keflavíkur og hússtjórn Frumleikhússins. Gert er ráð fyrir heimsóknnum leikhópa annars staðar frá.

Ljósanótt

Skipulagning og umsjón með menningarviðburðum á Ljósanótt 2006.

kr. 3.000.000

Viðburðir:**Menningardagar í Kirkjum**

Menningardagskrá í kirkjunum 8. október 2006.

Helstu samstarfsaðilar eru Ferðamálasamtök Suðurnesja, prófasturinn í Kjalarnesprófastdæmi og prestarnir á Reykjanesi.

**Sjómanna dagurinn**

Stefnt að því að hafa dagskrá í Duushúsum eins og verið hefur síðustu tvö

árin. Samstarfsaðili er áhugahópur um Bátasafn Gríms.

Lestrarmenning

Þriggja ára þróunarverkefni sem lýkur árið 2006. Helsta verkefni næsta árs er útgáfa barna/unglingabókar sem valin verður eftir samkeppni sem fór í gang haustið 2005.

4.2 Söfn**Duushús**

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar

kr. 5.915.000**4.2.1 Listasafn Reykjanesbæjar**

Forstöðumaður Valgerður Guðmundsdóttir

kr. 10.182.000**Hlutverk**

Markmið safnsins er m.a. að vera með fjölbreytt sýningarhald þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.

Sýningarhald

- Settar verða upp 7 sýningar atvinnumanna í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum samkvæmt lið 1 og 2 í sýningarstefnu safnsins. Í tengslum við sýningarnar verða gefnar út veglegar sýningarskrár með svipuðu formi og gert hefur verið.
- Samstarf við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um sýningarhald í Flugstöðinni.
- Aðstoð við sýningarhald áhugafólks á Ljósanótt eflað enn frekar.
- Vonir standa til að hægt verði að flytja inn eina sýningu erlendis frá og er að þessu sinni horft til Færeyja. Þessi sýning er háð því að aukið fjármagn fái st.
- Sýning á verkeign safnsins verður hér eftir árlegur viðburður. Ætlunin er að í desember ár hvert verði haldin sýning á verkum í eigu safnsins og að þessu sinni verða nýjustu verkin sýnd.
- Áætlað er að styðja sérstaklega við listamenn af Reykjanesi við sýningarhald og kynningar utan bæjarmarkanna.
- Aðstoða við sýningarhald atvinnufólks annars staðar frá í öðru sýningarrými en sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum, m.a. í nýjum sýningarsal Kaffitárs sem opnaður var í september 2004.
- Sýningarhald atvinnumanna sem vinna að gagnrýnni listsköpun í sýningarrýminu **Suðsuðvestur**.
- Sumarsýning í Listaskóla barna.
- Listsýning leikskólubarna í Duushúsum verði árlegur viðburður.

Markaðssetning

Markaðssetning á sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum sem ákjósanlegum sýningarstað fyrir starfandi listamenn alls staðar að af landinu. Unnið verður að því að Listasafn Reykjanesbæjar skipi stærra hlutverk í ferðaþjónustu á Reykjanesi, m.a. með samstarfi við stjórn Flugstöðvarinnar.

Skráning

Safneignin er nú öll skráð í gagnagrunninn Access og verður áfram haldið með þau nýju verk sem safninu berast. Aðal verkefni ársins 2006 verður að merkja öll verkin sérstaklega sem nú eru til sýnis víðs vegar í bænum og gera safneignina aðgengilega á vef safnsins.

Rannsóknir

Unnið verður úr gögnum um myndlistarstarfsemi á Reykjanesi síðustu áratugi sem tekin voru saman árið 2002 þannig að saga myndlistar á svæðinu verði þökkalega ljós.

Áfram verður unnið að öflun upplýsinga um listamenn svæðisins og þeim komið í gagnagrunninn þar sem við á. Sérstaklega verður unnið að öflun gagna, mynda og frásagna, um listamanninn Erling Jónsson. Vonir standa til að hægt verði að hefja vinnu úr þessum gögnum á árinu.

Aðstoð við grasrótina:

- Listasafn Reykjanesbæjar mun halda áfram að styðja við rekstur á sumargalleríi Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ á sama hátt og áður, þ.e. með ráðningu starfsfólks og ráðgjöf.
- Listasafnið aðstoðar Félag myndlistarmanna í sambandi við námskeiðahald félagsins og sýningarhald.
- Listasafn Reykjanesbæjar tekur þátt í rekstri og skipulagningu á Listaskóla barna eins og verið hefur.
- Listasafnið mun vinna að því að Listahátíð barna sem haldin var í Duushúsum í fyrsta sinn árið 2005, festist í sessi og fjöldi þátttakenda aukist. 2006 er markið sett á alla leikskóla bæjarfélagsins (7).

Útgáfa/miðlun:

Listasafnið mun gefa út veglegar sýningarskrár tengdar sýningum í Listasalnum í Duushúsum. Upplýsingavefur safnsins var opnaður á síðasta ári og er ætlunin að vinna hann enn frekar. Nú má sjá þar upplýsingar um allar sýningar safnsins ásamt ýmsum öðrum upplýsingum. Verkeign safnsins verður gerð aðgengileg á vefnum á þessu ári.

Móttaka gesta

Áfram verður unnið með kennurum í grunnskólum bæjarins og Fjölbrautaskóla Suðurnesja að því að gera heimsóknir í Listasafnið að eðlilegum hluta af skólastarfi vetrarins. Gerð verða sérstök verkefni í tengslum við hverja sýningu sem miðuð eru við mismunandi aldur og markmið.

4.2.1 Byggðasafn Reykjanesbæjar

Forstöðumaður Sigrún Ásta Jónsdóttir

kr. 13.796.000

Hlutverk

Byggðasafn Reykjanesbæjar starfar samkvæmt stofnskrá sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Reykjanesbæjar og fellur undir lög s.s.safnalög, sjá einnig vefsvæði Safnaráðs varðandi fleiri lög sem tengist safnastarfi.

Byggðasafnið vinnur samkvæmt stefnumótun frá árinu 2004. Í henni felst, söfnunarstefna, miðlunar- og fræðslustefna, rannsóknarstefna og reglur um útlán safngripa. Sjá vefsvæði safnsins: reykjanesbaer.is/byggdasafn.

Helstu verkefni

Varðveisla og skráning

Innleiðing Myndabanka. Utanumhald og flokkun allra stafrænna mynda hjá Reykjanesbæ. Keypt verður heildstætt kerfi þar sem auðvelt verður að færa inn stafrænar myndir, flokka þær og nýta síðan. Unnið í samvinnu við aðrar deildir og svið Reykjanesbæjar. Áhersla verður lögð á að flokka allar óflokkaðar myndir og færa í safnskrá. Áætlað er að þessi vinna taki yfir allt árið.



Haldið verður áfram að skrá óskráðan safnkost muna, síðasta vígið er heimili Jórunnar Jónsdóttur í Innri-Njarðvík. Töluvert er af munum í húsinu og aðeins brot skráð.

Rannsóknir

Aðalverkefnið verður: innleiðing verkefnastjórnunar. Verkefnið felur í sér að skipuleggja árið með aðferðum verkefnastjórnunar þar sem megináhersla verður lögð á að kanna hvernig hægt er að vinna að umfangsmiklu verkefni sem krefst töluverðar samfellu í framkvæmd á sama tíma sem daglegum rekstri er sinnt.



Þetta ár markar upphafið af stóru verkefni sem mun taka yfir langt tímabil. Verkefnið er að rannsaka sögu "kalda stríðsins" eins og hún birtist í bæjarfélaginu.

Áætlað er að setja upp sýningu í október í tilefni þess að 60 ár verða þá liðin frá undirritun Keflavíkursamningsins og í samhengi við þau tímamót verði haldin ráðstefna um "kalda stríðið á Íslandi".

Sýningar og miðlun

Stóra sýningaverkefnið okkar verður um "kalda stríðið" og í samhengi við þá sýningu verður haldið málþing.

Ráðgert er að gefa út kynningarrit um húsið, Innri Njarðvík og Stekkjarkot.

Skjalasafn

Unnið verður að hefðbundinni skráningu og flokkun.

Gert er ráð fyrir að samhliða hönnun á byggðasafnshúsi verði einnig tekið tillit til húsnæðisþarfa skjalasafnsins.

kr. 8.527.000

4.2.2 Bókasafn Reykjanesbæjar

Forstöðumaður Hulda Björk Þorkelsdóttir

Markmið

Markmið bókasafnsins er m.a. að bjóða aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar. Að vera til styrktar í hvers konar þekkingarleit og lifandi í hugskoti íbúa sem fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.



Helstu verkefni

- Áframhaldandi uppbygging upplýsingaveitu bæjarfélagsins skv. Framtíðarsýn 2002-2006.
- Aukin þjónusta úti í samfélaginu og markaðssetning safnsins.
- Efling upplýsingafærni þeirra íbúa sem ekki hafa þegar náð góðu valdi á henni.
- Endurskipulagning húsnæðis safnsins og endurnýjun húsbúnaðar til að mæta breyttum þörfum.

1. Upplýsingaveita

Stefnt er að því að bókasafnið safni og miðli upplýsingum

- fyrir íbúa um starfsemi bæjarfélagsins
- fyrir íbúa og gesti um viðburði og starfsemi í bænum
- fyrir ferðamenn um áhugaverða staði og viðburði í bænum

2. Þjónusta úti í samfélaginu

Samvinna við aðrar stofnanir bæjarfélagsins, stofnanir, fyrirtæki og félög efla og aukin.

3. Efling upplýsingafærni

Bókasafnið leggi sitt að mörkum við að brúa bilið milli þeirra sem hafa tileinkað sér upplýsingatæknina og hinna sem ekki hafa gert það.

4. Endurskipulagning húsnæðis safnsins og endurnýjun húsbúnaðar

Skipulagning húsnæðisins verði endurskoðuð og rými aukið fyrir viðskiptavinum að skoða, lesa, vinna, grúska eða njóta kyrrðar. Húsbúnaður verði endurnýjaður með tilliti til breyttra þarfa.

Gagnasöfn

Gegnir, nýtt landskerfi bókasafna, verður tekinn í notkun í ársbyrjun 2006. Lykill að Faxe og öðrum heimildum um Reykjanes verður orðinn leitarbær á Netinu í ársbyrjun.

5. Skjalastjórnun

Skjalastjórnun Reykjanesbæjar er unnin í hópvinnu- og skjalastjórnunarkerfinu GoPro sem tekið var í notkun 1. janúar 1999. Skjalastjóri veitir riturum á bæjarskrifstofum sem sjá um afgreiðslu erinda ráðgjöf og aðstoð auk þess sem hann sér um fræðslu fyrir starfsmenn í Lotus Notes, GoPro og öðrum kerfum er keyra á Lotus Notes.

Helstu verkefni

- **Mitt Reykjanes**

Undirbúningur afgreiðsluferla í GoPro vegna innleiðingar á Mitt Reykjanes, gagnvirkum stjórnsýsluvef sem tekinn verður í notkun á árinu. Tryggja þarf að aðgangstakmarkanir séu virkar og að flæði mála til og frá GoPro gangi vel.

- **Fasar og málasnið**

Unnið verður að uppsetningu á fösum og málasniðum í GoPro sem auðveldar málaskráningu og flæði mála.

- **Tenging við þjóðskrá**

Skoðuð verður sjálfvirk uppfærsla á viðskiptavinaskrá GoPro til viðbótar við beinan uppflettiðgang.

- **Tölfræði**

Skoðaðir verða fleiri sérhæfðari tölfræðimöguleikar við skýrslugerð í GoPro í samvinnu við fræðsluskrifstofu

6. Ferðapjónusta**Upplýsingamiðstöð Reykjaness (UMR):**

Megináhersla UMR á árinu verður upplýsingagjöf til ferðamanna. Lögð verður áhersla á að vera með upplýsingar bæði á prenti og á vef um allt sem varðar Reykjanesið, bæði náttúru og þjónustu.

Samstarf/samvinna.

UMR mun taka þátt í samstarfi við Miðstöð símenntun á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, Leiðsögumenn á Suðurnesjum, SSS og ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu um hvaðeina sem varðar ferðmál. UMR mun veita ferðapjónustufyrirtækjum aðstoð við ýmis verkefni tengd ferðamálum.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Leifsstöð (UML):

Megináhersla UML á árinu verður upplýsingagjöf til ferðamanna. Lögð verður áhersla á að vera með upplýsingar bæði rafrænt og á prenti um alla helstu staði á landinu s.s. svæðisbæklinga og helstu þjónustu sem í boði er.

Auk þess verður áhersla á eftirfarandi þætti.

Húsnæði: Brýn þörf er á betri aðstöðu UML á betri stað í flugstöðinni.

Opnunartími. Aðlaga þarf opnunartíma UML á háðönn í samræmi við flugáætlanir hverju sinni.

kr. 3.491.000

kr. 4.151.000

7. Helstu viðburðir:

- Þrettándagleði
- Upphaf framkvæmda á nýju íþróttasvæði ofan Reykjaneshallar
- Vinabæjaíþróttamót í Reykjanesbæ 26. júní – keppt í nýrri 50m innisundlaug
- Samkaupsmótið í körfubolta 11. og 12. mars
- Frístundahelgi og handverkssýning 13. maí
- Handverkssýning eldri borgara
- Listaskóli barna
- Sumarfjör í Fjörheimum 2004 - fyrir 7. bekk.
- Byggðasafnið 17. júní – ný sýning í Gryfjunni
- Leikjanámskeið íþróttafélaganna Keflavíkur og UMFN
- Norræna bókasafnsvikan
- Bókakonfekt á Bókasafni
- Erlingskvöld á Bókasafni
- Hátíðarhöld 17. júní
- Ljósanótt 30. ágúst - 3. september
- Tendrun jólaljósa
- Ljósahús Reykjanesbæjar
- Vígsla KSÍ sparkvallar við Akurskóla